

Efnin í umhverfi okkar

Tilgangur

Að kynna nokkrum algengum efnum úr umhverfi okkar.

Efni og áhöld

Ýmis efni í lokuðum tilraunaglösum.

Framkvæmd

Þú færð í hendur númeruð lokuð tilraunaglös sem innihalda ýmis efni. Taflan hér fyrir neðan sýnir heiti þeirra. Athugaðu efnin og reyndu að finna út hvaða efni eru í hverju glasi. Skrifðu númer hvers efnis í töfluna og einnig útlitseinkenni þeirra, ástandsform og lit.

Tilgreindu eftir bestu getu hvort efnin eru frumefni (F), efnasambönd (ES) eða efnablöndur (EB) og hvort efnablandan er einsleit eða misleit. Skráðu tákn eða formúlur efnanna þar sem það á við.

Úrvinnsla

Efni	Glas nr	Ástandsform (s), (l) eða (g)	Litur	(F), (ES), (EB)	Einsleit eða misleit	Tákn Formúla
Ál						
Brennisteinn						
Edik						
Glýseról						
Járn						
Kolefni						
Kopar						
Loft						
Matarsalt ¹						
Sykur						
Vatn						
Þvottaefni ²						

¹ Margar gerðir eru til af matarsalti. Aftan á blaðinu eru merkimiðar af tveimur tegundum sem eru seldar hér á landi. Fáðu upplýsingar hjá kennara um hvora tegundina er að ræða.

² Óteljandi tegundir eru til af þvottaefni. Varúðarmiði af því sem er í glasinu er sést aftan á blaðinu, einnig stendur á umbúðunum: "Finish maskinopvaskepulver indeholder bl.a.: Under 5%: Ilt-baseret blegemiddel. Noioniske tensider. 15-30%: Fosfat. Enzymer."

